Umboðsmaður skuldara

Kringlunni 1
103 Reykjavík
ums@ums.is
www.ums.is
sími 512 6600 / 800 6600

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Sent rafrænt í Samráðsgátt

Reykjavík, 15. ágúst 2019
2019080019

Efni: umsögn um áform um lagasetningu um fyrirhugað frumvarp til breytinga á lögum um neytendalán nr. 33/2013

Vísað er til skýrslu starfshóps um starfsumhverfi smálánafyrirtækja á Íslandi er skilaði skýrslu sinni í janúar 2019. Fulltrúi umboðsmanns skuldara sat í starfshópnum og tók þátt í gerð skýrslunnar. Telur embættið mikilvægt að fylgja eftir tillögum starfhópsins til að koma böndum á starfsemi smálánafyrirtækja hér á landi. Þeim hefur gefist tækifæri á að veita neytendum lán á kjörum sem virðast vera yfir þeim mörkum sem lög um neytendalán leyfa. Neytendastofa sem hefur eftirlit með lögum um neytendalán virðast hafa takmarkaðar heimildir til að bregðast við vandanum. Að vísu hafa verið lagðar sektir á fyrirtæki sem virðist hafa takmörkuð áhrif. Einnig hafa dómar gengið sem en virðist heldur ekki hafa áhrif á starfsemi þeirra til batnaðar.

Lög um neytendalán voru sett árið 2013 en þau áttu meðal annars að koma í veg fyrir óhóflegan lántökukostnað. Svokölluð árleg hlutfallstala kostnaðar má ekki vera hærri en 50% af höfuðstól lána á ári að viðbættum stýrivöxtum. Er umhugsunarefni hvort lækka mætti þessa tölu í 20- 25% eins og er í löndunum í kringum okkur. Í dag er í raun eitt smálánafyrirtæki með markaðssvæði hér á landi en það er félagið eCommerce 2020 sem er staðsett í Kaupmannahöfn. Innheimta lánanna er hjá Almennri innheimtu ehf. Í starfi umboðsmanns skuldara hefur mikil vinna legið í samskiptum við innheimtuaðilann en torsótt hefur verið að fá sundurliðun á kostnaði sem er grundvallaratriði til að greina fyrir hvað lántakinn lánveitandi er að greiða.

Það liggur fyrir að í þessi lán sækir viðkvæmur hópur. Embætti umboðsmanns skuldara hefur ítrekað verið að benda á þessa staðreynd. Á árinu 2018 voru meirihluti þeirra sem leituð aðstoðar vegna greiðsluerfiðleika með smálán. Var áberandi hvað ungu fólki fór fjölgandi í því samhengi.

Það sem hefur verið meginvandinn er að í raun er enginn sem er eftirlitsskyldur með viðskiptaháttum smálánafyrirtækja og getur krafið þau svara. Í skýrslu starfshópsins kemur fram sú tillaga að gera þau skráningarskyld en ekki leyfisskyld. Telja verður að miðað við reynslu undanfarinna missera mikilvægt að þessi fyrirtæki verði leyfisskyld svo unnt verði að ná böndum um starfsemina og einnig umfang hennar. Engar upplýsingar liggja fyrir um umfang lánastarfseminnar eða vanskilahlutfall lána.

Að mati embættisins þarf jafnframt að binda í lög að fyrirtæki sem stunda slíka lánastarfsemi séu bundin af því að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. ákvæði í 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og það sé virkur eftirlitsaðili með viðskiptaháttum slíkra fyrirtækja, hvort sem eftirlitið yrði t.a.m. í höndum Neytendastofu eða Fjármálaeftirlitsins. Mikilvægt er að

einstaklingar geti beint kvörtunum, sem varða önnur atriði en lánaskilmála í samræmi við neytendalög, til eftirlitsaðila.

Þá er mikilvægt að í fyrirhuguðu frumvarpi verði lögð áhersla á bann við að innheimta gjöld og kostnað af neytendalánum sem eru umfram lögbundið hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Í lögum um neytendalán þyrfti því að vera ákvæði þess efnis að ekki verði unnt að krefja neytanda um greiðslu vaxta og kostnaðar af láni sem er umfram þann kostnað sem er leyfilegur.. Einnig þarf að skylda lánveitanda til að skila sundurliðun á kostnaði vegna lánsins til lántaka. . Þar sem Neytendastofa hefur eftirlit með neytendalánum þyrfti að skerpa á því eftirliti.

Eins og fram kemur í skjali ráðuneytisins varðandi lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 þyrfti að breyta þeim lögum með tilliti til þess að bankar og sparisjóðir geti ekki innheimt kostnað af neytendalánum umfram heimild og þá einnig að hafa könnun á þeim lánveitendum sem nýta sér greiðsluþjónustu þeirra.

Mikilvægt er einnig að takmarka markaðssetningu og sem dæmi hafa verið settar strangar reglur í Noregi um hvernig auglýsa má lánastarfsemi sem þessa. Einnig í Danmörku hafa verið sett mörk á flýtimeðferð lánaumsókna.

Að lokum skal benda á mikilvægi þess að miðlægur skuldagrunnur verði hér á landi. Það er ljóst að einstaklingar geta á stuttum tíma tekið mörg lán hjá ólíkum lánveitendum og skuldsett sig langt umfram greiðslugetu. Kostir miðlægs gagnagrunns er einkum aukin ábyrgð í lánveitingum, bætt yfirsýn lántakenda og nýtist stjórnvöldum til greiningar á ástandi á hverjum tíma. Finna má fordæmi fyrir slíkum miðlægum skuldagagnagrunni víða um heim.

Embætti umboðsmanns skuldara vonar að vandað verði til verka með frumvarpið og bíður fram sína krafta. Í störfum okkar sjáum við slæmar afleiðingar af þessari lánastarfsemi bæði fyrir einstaklingana og þjóðfélagið í heild.

Virðingarfyllst,

Ásta S Helgadóttir
Umboðsmaður skuldara